

20. gr.

Brot, sektarákvæði og meðferð mála.

- 20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Búðardals. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar, sbr. 39. gr. hafnalaga.
- 20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 23. september 1991.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

REGLUGERÐ

um útgáfu á 3. flokki húsbrefa 1991 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 3. flokk húsbrefa 1991. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 3. flokki 1991, skal vera að hámarki 3 000 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í fjórum undirflokkum a, b, c og d. Í undirflokki a skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 1 000 000,00, í undirflokki b kr. 500 000,00, í undirflokki c kr. 100 000,00 og í undirflokki d kr. 10 000,00. Vextir í 3. flokki 1991 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

3. gr.

Húsbref skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbrefs. Við eigendaskipti að húsbrefi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbrefs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtinga- blaði nr. 19 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala októbermánaðar 1991.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. október 1991, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. október 1991.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbref að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert í fyrsta skipti á fyrsta gjalddaga eftir að flokknum hefur verið lokað, þó eigi síðar en 15. janúar 1993. Húsbrefa-flokknum skal lokað eigi síðar en 15. október 1992. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbref fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbrefa svo og númer áður útdreginna, ógreiddra húsbrefa og greiðslustaður þeirra, skulu birt í Lögbirtingablaði og a.m.k. einu dagblaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbref þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. október 2016. Húsbref verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbrefa-deildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbrefa fynrast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbrefa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbrefa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbref eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, lög nr. 124/1990, lög nr. 130/1990, lög nr. 24/1991 og lög nr. 47/1991, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1991.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þorgerður Benediksdóttir.